

Minnisblað

Til : Fræðslu – og menningarsviðs Garðabæjar

Frá: Starfshópi um barngildisútreikninga en í honum eru:

Anna Bjarnadóttir – Bæjarbóli

Gróa Margrét Finnsdóttir – Hnoðraholti

Þorgerður Anna Arnardóttir – Urriðaholtsskóla

Ída Björg Unnarsdóttir – Sjálandi

Sigurborg K. Kristjánsdóttir – Hæðarbóli

Dags: 28. nóvember 2018

Efni: Markmið með vinnu starfshópsins var að skoða hvort að þörf væri talin á að endurskoða barngildis útreikninga sem unnið er eftir í dag. Áætlað er að starfshópurinn skili niðurstöðum á minnisblaði og með kynningu fyrir fræðslustjóra og verkefnastjóra fimmtudaginn 29.nóvember.

Inngangur

Til að gera sér grein fyrir hugtakinu barngildi, hugsunina á bakvið það og áhrif þess á reiknaðri starfsmannþörf í leikskóla þá er gott að fara yfir það sem stendur í lögum og reglugerð um fjölda barna og starfsfólks leikskólum. Fyrstu lög um leikskóla voru sett árið 1994 en ný lög tóku gildi árið 2008.

Í tólftu grein fimmta kafla laga um leikskóla nr. 90 frá árinu 2008 kemur eftirfarandi fram varðandi ákvörðun á fjölda barna.

V. kafli. Skólahúsnæði og aðstaða í leikskólum.

12. gr. Húsnæði og fjöldi barna í leikskóla.

Við ákvörðun fjölda barna í leikskóla skal m.a. tekið tillit til aldursdreifingar barna og sérþarfa, lengdar dvalartíma þeirra, stærðar leik- og kennslurýmis og samsetningar starfsmannahóps.

Í sjöttu grein reglugerðar 655/2009 kemur einnig fram hvernig ákvörðun um fjölda barna skuli háttað.

Leikskólastjóri, að höfðu samráði við sveitarstjórn eða nefnd sveitarfélags sem fer með málefni leikskóla í sveitarfélaginu, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla og starfsfólk leikskóla, tekur ákvörðun um fjölda barna í leikskóla hverju sinni. Ákvörðun um fjölda barna og skipulag skólastarfs skal taka mið af samsetningu barnahópsins, dvalartíma barna dag hvern, aldri þeirra og þörfum, samsetningu starfsmannahóps og umfangi sérfræðipjónustu.

Til að ná markmiðum laga um leikskóla og aðalnámskrár skal þess gætt að nægilegt rými sé fyrir hvert barn á hverri deild þar sem meginhluti umönnunar, náms og uppeldis fer fram. Huga ber sérstaklega að því að börn með sérþarfir geti eftir atvikum þurft aukið rými svo sem vegna nauðsynlegra stoðtækja.

Sveitarfélögum er heimilt að binda leyfi sveitarfélags til annarra rekstraraðila við ákveðinn hámarksfjölda barna, sbr. 15. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla. Að öðru leyti fara rekstraraðilar með ákvörðun um fjölda barna, sbr. 1. Mgr.

Í sjöundu grein sömu reglugerðar er fjallað um fjölda starfsfólks og þar kemur eftirfarandi fram

Sveitarstjórn eða annar rekstraraðili tekur ákvörðun um fjölda og samsetningu starfsmannahóps í samráði við leikskólastjóra. Ákvörðunin skal byggjast á mati og tillögum leikskólastjóra og miðast við aldur, þarfir og fjölda barna. Sé um að ræða börn með sérþarfir skal leita álits viðkomandi greiningaraðila.

Í lögum og reglugerðum sem unnið er eftir í dag kemur barngildis hugtakið hvergi fram og hvergi eru tölur um hversu mikið rými skuli áætlað á hvert barn. Barngildis hugtakið var hins vegar í brottfallinni reglugerð frá árinu 1995 og hefur það mjög víða verið nýtt sem viðmið um fjölda barna á hvern starfsmann til dagsins í dag. Í þeirri reglugerð var einnig húsnaði leikskóla gert að miða við 7,0 m² brúttó fyrir hvert barn samtímis í leikskóla utan þess tíma sem hópar skarast og að nettó leik- og kennslurými væri a.m.k. 3,0 m² fyrir hvert barn. Í reglugerðinni var í þriðja kafla fjallað um starfslið og barnafjölda og þar sagði :

6. gr.

Fyrir hvert stöðugildi leikskólakennara, sem sér um umönnun, uppeldi og menntun barna í leikskóla, skulu vera 8 barngildi samkvæmt reiknireglu 7. gr. Þessu til viðbótar koma störf leikskólastjóra, störf vegna sérstaks stuðnings, afleysinga og ræstinga og störf í eldhúsi samkvæmt mati rekstraraðila miðað við stærð leikskóla.

7. gr.

Ákvörðun um nýtingu húsnæðis og starfsmannþörf leikskóla skal annars vegar háð lágmarkskröfum um fermetrafjölda húsnæðis fyrir hvert barn sbr. 2. gr. og er þá miðað við fjölda barna sem eru í leikskólanum samtímis og hins vegar fjölda barna miðað við stöðugildi sbr. 6. gr.

Barngildi leikskólabarna reiknast þannig:

> 5 ára barn reiknast sem 1,0 barngildi.

4ra ára barn reiknast sem 1,0 barngildi.

3ja ára barn reiknast sem 1,3 barngildi.

2ja ára barn reiknast sem 1,6 barngildi.

Eins árs barn eða yngri reiknast sem 2,0 barngildi.

Stöðugildi vegna barna sem þurfa sérstakan stuðning fer eftir ákvörðun rekstraraðila og taka skal tillit til þess hvort aukastarfsmaður er ráðinn til stuðnings barninu.

Við ákvörðun um nýtingu húsnæðis og starfsmannþörf leikskóla skal barngildi reiknað út samkvæmt reiknireglu 2. mgr. og tillit tekið til hversu mörg barngildi eru samtímis í leikskólanum. Þannig ræður fjöldi barngilda fjölda stöðugilda við leikskólann.

Árið 2001 breyttist reglugerðin meðal annars á þann hátt að 5 ára barn reiknaðist ekki lengur sem eitt barngildi heldur 0,8 og hafði það þau áhrif að elstu börnin urðu 10 á hvern starfsmann í stað 8 áður. Hinar tölurnar héldu sér hins vegar áfram þar til ný reglugerð um starfsumhverfi leikskóla tók gildi árið 2009 og barngilda hugtakið datt út.

Viðmiðin í dag eru því eftirfarandi :

- > 5 ára barn reiknast sem 0,8 barngildi.
- 4ra ára barn reiknast sem 1,0 barngildi.
- 3ja ára barn reiknast sem 1,3 barngildi.
- 2ja ára barn reiknast sem 1,6 barngildi.
- Eins árs barn eða yngri reiknast sem 2,0 barngildi.

Í skýrslu Hörpu Njáls (2004) um vinnuaðstæður og kjör í leikskólum á Íslandi 2004 kom fram að í kjölfar þessara breytinga þurfti færri starfsmenn til að sinna sama fjölda barna og áður. Leiddi þessi breyting því til hagkvæmari reksturs fjárhagslega en í skýrslunni er velt fram spurningum um þau áhrif sem breytingin hafði á starfsfólk og þann fórnarkostnaði sem af honum hlaut. Vísað er í könnun meðal leikskólakennara þar sem kom í ljós að helmingur leikskólakennara var óánægðari með starfsumhverfi sitt árið 2004 heldur en fyrir kjarasamninga árið 2001. Nær allir þeirra óánægðu nefndu að álag hefði aukist vegna þessarar aukningar á barnafjölda. Segja má að þessi breyting hafi því haft neikvæð áhrif á starf leikskólakennara.

Mikil umræða hefur undanfarin misseri komið upp í samfélaginu um leikskólamál og þau vandræði sem skapast á hverju hausti við að manna marga leikskóla. Umræðan hefur oft á tíðum verið hávær í fjölmiðlum, foreldrar ósáttir með skerta þjónustu og alvarleg staða víða komið upp. Sveitarfélögin leitast við að bregðast við vandanum með ýmsum hætti en staðreyndin er sú að færri og færri sækja sér nám í leikskólakennarafræðum og erfiðlega gengur að manna stöður leikskóla. Málið er orðið grafalvarlegt og sendi stjórn félags leikskólakennara frá sér ályktun þann 15. ágúst 2017 þar sem hún lýsti þungum áhyggjum af þeim vanda sem leikskólar stæðu frammi fyrir í sambandi við að mönnun leikskóla. Rót þess vanda er talinn skortur á leikskólakennurum þar sem margir leikskólar ná engan veginn að uppfylla lög 87/2008 um menntun og ráðningu kennara. Þau kveða á um að 2/3 hlutar þeirra sem sinna uppeldi og menntun í leikskólum eigi að hafa leyfisbréf til kennslu á leikskólastigi. Leikskólar standa því frammi fyrir þeirri stöðu að manna stöður leikskólakennara með leiðbeinendum á hverju hausti. Bent er á að bregðast þurfi við vandanum og vinna markvisst að því að bæta starfsumhverfi í leikskólum. Talið er mestu máli skipta að fækka börnum í hverju rými og á hvern kennara, auka afleysingu, fjölga undirbúningstímum og færa starfsumhverfið nær því sem þekkist á öðrum skólastigum. Þessir þættir eru allir taldir líklegir til að bæta starfsumhverfið og vinna gegn álagi og kulnun í starfi sem er talsvert meðal annars miðað við tölur frá VIRK.

Starfshópurinn

Starfshópurinn var stofnaður á fundi leikskólastjóra í byrjun október 2018 að frumkvæði Halldóru Pétursdóttur og tilnefndi hún aðila í starfshópinn. Leitast var við að hafa hópinn sem fjölbreyttastan, fulltrúar voru úr hópi bæjarreknu leikskólanna, einkareknu leikskólanna og frá samreknum leik- og grunnskóla. Segja má að þörfin fyrir að ræða barngildi og fjölda barna innan

leikskóla hafi sprottið út frá umræðum í hópi stjórnenda og innan kennarasambandsins um álag í starfi leikskóla og skort á fagfólki. Mikið hefur verið rætt um hvernig bæta megi starfsumhverfi í leikskólum ekki síst í ljósi erfiðleika við að fá fagfólk til starfa. Börn í leikskólum Garðabæjar hafa að sama skapi yngst þar sem stefna bæjaryfirvalda er að veita öllum börnum frá 12 mánaða aldri leikskólavist.

Umræður starfshópsins

Starfshópurinn hittist þrisvar í október og nóvember 2018.

Fyrsti fundur 17. október á Bæjarbóli. Fyrir fundinn voru þátttökendur búnir að skoða skýrslu frá Reykjavíkurborg sem ber heitið “Tillögur um aðgerðir” og unnin var af starfshópi um nýliðun og bætt starfsumhverfi leikskólakennara í Reykjavíkurborg í febrúar 2018. Einnig var litið til skýrslu sem gefin var út í júlí 2018 af starfshópi í Hafnarfirði og fjallar um bættar starfsaðstæður í leikskólum Hafnarfjarðar.

Rætt var um að barngildi og rýmisútreikningar þurfi að skoðast í samhengi.

Annar fundur 2. nóvember á Bæjarskrifstofu Garðabæjar. Rætt var um það sem kom fram í umræðum út í leikskólunum í tengslum við svör úr könnuninni. Áhugavert var að sjá hversu margir nefna að barngildin séu kannski ekki aðalatriðið heldur að fækka börnum á deildum og að minnka álag þannig, bæði á börn og starfsfólk. Sjá niðurstöður úr könnun til leikskólakennara í viðauka 2.

Varðandi yngstu börnin töldu aðilar starfshópsins mikilvægt að finna rannsóknir á áhrifum þess á ung börn að vera í stórum hópi og í miklu áreiti þar sem sum þeirra eru í allt að 9,5 tíma vistun. Annar vinnuhópur í Garðabæ er að skoða yngstu börnin og áhugavert hvað kemur út úr því starfi. Nöfn sérfræðinga sem nefndir voru í þessu samhengi eru Rakel Rán, Valdís doktor í talmeinafræði sem rannsakaði út frá hljóðvist og álagi og Vilborg G. Guðnadóttir geðhjúkrunarfræðingur varðandi geðtengsl.

Hópurinn fór um víðan völl í umræðum, rætt var um starfsmannaástandið í dag, hversu erfiðlega gengur að fá fagfólk og að það sé bagalegt að fagfólk úr öðrum greinum t.d. uppeldis- og menntunarfræðingar, grunnskólakennarar og þroskajálfar séu með mun lakari launakjör en leikskólakennarar. Skortur á leikskólakennurum gerir að verkum að þörf er fyrir þetta fagfólk inn í skólana og launin þurfa að vera samkeppnishæf á vinnumarkaði.

Áhugavert væri að skoða tölur varðandi fjölda umsókna um auglýstar stöður í leikskólum bæjarins en að mati hópsins eru þær afar fáar.

Þriðji fundur 20. nóvember á Bæjarbóli.

Umræða um minnisblaðið og uppsetningu þess. Gert var google docs skjal sem allir höfðu aðgang að.

Nokkrir punktar úr fræðunum ræddir sem styðja við mikilvægi þess að ungbörn séu í litlum hópum í leikskóla með faglærðu eða reynslumiklu starfsfólki. Sjá viðauka 1. Hvers vegna er mikilvægt að breyta barngilda viðmiðum.

Tillögur starfshópsins

Starfshópurinn telur Garðabæ, sem er metnaðarfullt sveitarfélag þegar kemur að fræðslu- og menntamálum, í lykilstöðu við það krefjandi verkefni að auka veg og virðingu leikskólastigsins. Þar eru fjölmörg tækifæri til að auka fagmennsku og mörg skref verið stigin í þá átt t.d. með þróunarstyrkjum, endurnýjun á gömlu húsnæði og húsbúnaði og launauppbót til handa starfsfólks á árinu. Garðabær er bæjarfélag sem getur sýnt vilja í verki við að rýna í starfsemi leikskóla bæjarins, skilgreina álag á bæði starfsfólk og börn sem myndast ekki síst vegna innkomu ungra barna í leikskólana, starfsmannaveltu, veikindafjarvista, kröfur í starfi og skort á leikskólakennurum. Viðvera barna hefur einnig aukist gríðarlega síðustu áratugi og mikið álag jafnt og þétt yfir daginn.

Tillögur hópsins eru, ef miða á við barngildi áfram þá skuli þau verða eftirfarandi:

- 1 árs börn: 2,3 barngildi**
- 2. ára börn : 2 barngildi**
- 3 ára börn: 1,6 barngildi**
- 4 ára börn: 1,3 barngildi**
- 5 ára börn : 1 barngildi.**

Aðrar tillögur sem komu fram í hópnum eru að leitast skuli við að minnka álag á starfsfólk leikskóla og gera starfsumhverfið eftirsóknarverðara. Spennandi þróunarverkefni er í gangi á leikskólanum Ökrum þar sem gerð er tilraun til að breyta vinnulagi deildarstjóra og með því gera starfsumhverfi leikskóla meira aðlaðandi fyrir fagfólk. Einnig er í gangi tilraunaverkefni innan Hjallastefnunnar um styttingu vinnuvikunnar. Faglærðir skila sex tímum í viðveru með börnum og fá sjöunda klukkutímann á dag í undirbúning. Ófaglærðir skila sjö tímum með börnum. Slíkar aðgerðir er varða styttingu viðverutíma inn á deildum gera leikskóla samkeppnishæfari um starfsfólk og til samræmis við starfsaðstæður á öðrum skólastigum. Of fáir fagmenntaðir hefur einnig í för með sér aukið álag á þá sem stýra fagstarfinu því það kemur í þeirra hlut að þjálfa þá ófaglærðu samhliða því að sinna eigin störfum. Mikilvægt er að styðja við deildarstjóra þegar þessi staðar er raunin.

Hópurinn telur mikilvægt að farið sé eftir gildandi lögum þar sem leikskólastjóri hafi meira að segja um fjölda barna í leikskólanum hverju sinni, þar sem tekið er tillit til aðstæðna á hverjum stað, samsetningu barnahópsins og fagmennsku. Einnig er mikilvægt að mati hópsins að endurskoða útreikning á fjölda barna innan hvers skóla með tilliti til rýmis og fermetra og sérstaklega þarf að huga að hópastærðum yngstu barnanna. Húsnæði skólanna er mjög mismunandi, allt frá gömlum byggingum til nýrra. Margir sem tjáðu sig í skoðanakönnun tala um hópastærðir, að það sé mikilvægara að huga að því að fækka börnum innan deilda heldur en að auka við starfsmönnum. Álag sem myndast við að vera með stóran hóp barna virðist mörgum leikskólakennurum hugleikið mál sem og lengd dvalartíma barna í dag. Hópurinn telur að setja þurfi mörk á dvalatíma allra yngstu barnanna sem eru undir 2 ára aldri þar sem stöðugleiki í starfsmannahópi skiptir sérstaklega miklu máli.

Heimildir

Álfheiður Steindórsdóttir og Guðfinna Eydal. (2003). *Barnasálfræði frá fæðingu til unglingsára*.
Reykjavík: Mál og menning.

Bee, H. (2000). *The Developing Child* (9. útgáfa). New York: Addison Wesley Educational Publishing

Harpa Njáls. (2004). *Vinnuaðstæður og kjör í leikskólum á Íslandi 2004. Útdráttur úr*

skýrslunni: áhrif kjarasamnings Félags leikskólakennara og launanefndar

sveitarfélaga. Reykjavík: Borgarfræðisetur Háskóla Íslands og Reykjavíkurborgar

Lög um leikskóla nr. 78/1994

Lög um leikskóla nr. 90/2008

Reglugerð nr. 365/2001 *Um breytingu á reglugerð um starfsemi leikskóla nr. 225/1995*

Reglugerð nr. 655/2009 *Um starfsumhverfi leikskóla*

Sæunn Kjartansdóttir (2009). *Árin sem enginn man: Áhrif frumberskunnar á börn og fullorðna*.
Reykjavík: Mál og Menning.

Viðauki 1

Hvers vegna er mikilvægt að breyta barngilda viðmiðum:

Sú umönnun og sem barn hlýtur í frumbersku leggur grunninn að því hvernig því vegnar í framtíðinni. En það eru fjölmargar rannsóknir sem sýna það að frumtengsl barnsins við umönnunaraðila þess eru mjög mikilvæg hvort sem um er að ræða tilfinningalega, félagslega að vitsmunalega. Til að ná þessum þáttum þá er það mikilvægt barninu að mæta hlýju viðmóti, nærvera og eiga góð samskipti. Grundvöllur andlegs heilbrigðis, myndunar tilfinningatengsla síðar á ævinni og að geta sett sig í spor annarra eiga að miklu leiti upptök sín í frumbersku (Álfheiður Steindórsdóttir og Guðfinna Eydal, 2003).

Ef við förum í líffræðina þá er heilinn og taugakerfi barns að vaxa hraðast að öllum líffærum þess fyrstu árin. Heilinn þrefaldar þyngd sína fyrstu tvö árin og þá orðin 75% af stærð heila fullorðinna. Á þessum tíma er heilinn einnig móttækilegastur fyrir utan að komandi áreitum þess vegna er gríðarlega mikilvægt að sinna umönnun ungra barna vel því viðmót þeirra hefur bein áhrif á mótun barnheilans (Sæunn Kjartansdóttir, 2009).

Ef við skoðum viðveru barna í einum leikskóla hér í bæ þá lítur það svona út:

Milli 5 og 6 klukkustundir – 1 barn

Milli 6 og 7 klukkustundir – 4 börn

Milli 7 og 8 klukkustundir – 49 börn

Milli 8 og 9 klukkustundir – 43 börn

Á þessum tölum sjáum við að barn eyðir stærstum hluta vökutímans í leikskólanum og er þetta einnig sá tími sem barnið er móttækilegast fyrir nýrri þekkingu og eru kjörtími fyrir nám barnsins. Þar af leiðandi þurfa aðstæður í leikskólanum að vera framúrskarandi því leikskólinn skiptir gríðarlegu máli fyrir þroska barnsins.

Hér að neðan eru beinar tilvitnanir þar sem fjallað er um hvaða skilyrði leikskólar þurfa það uppfylla til að geta komið sem best til móts við börnin:

„Frá sjónarhóli barns er margt sem mælir með því að foreldrarnir séu mest með það fyrstu þrjú árin. Ef þess er ekki kostur þurfa þeir sem eru þurfa þeir sem leysa foreldrana af, sem eru oftast dagmómmur eða starfsmenn leikskóla, að vera eins næmir og vakandi fyrir barninu og hugsast getur. Því yngri sem barnið er því færri starfsmenn eiga að sinna því og því færri stundir sem það er í gæslu því betra. Hvert barn þarf að hafa sína aðal manneskju, þá sömu á hverjum degi, breytingar vegna veikinda þarf að taka alvarlega. Starfsmaðurinn þarf að hafa fagmenntun eða aðra þjálfun til starfsins auk þess að vera áreiðanlegur, hlýr og ástúðlegur og óhræddur við að tengjast barninu tilfinningalega. Barnið þarf að kynnast starfsmanninum áður en það er skilið eftir eitt eftir með honum og það er æskilegt að það dvelji ekki mjög lengi frá foreldrum sínum“

„Til þess að geta veitt góða kennslu og umönnun eru þættir eins og litlir hópar, ábyrgt og faglegt starfsfólk og umhverfi sem er rúmt, snyrtlegt og miðar að börnum“ (Bee, Helen 1997)

„Margar rannsóknir hafa beinst að samanburði á börnum sem dvelja á barnaheimilum hluta úr degi og börnum sem erum allan daginn heim hjá sér. Hér sem oftast eru það gæði umönnunarinnar sem skipta sköpum og þau mælast á sömu mælistiku og umönnun foreldrana. Börn sem dvelja í góðri dagvistun hæfilegan tíma á dag hafa gjarnan meiri vit- og félagsþroska og eru betur máli farin sem eingöngu eru heima hjá sér. Séu hins vegar mannskipti tíð á barnaheimilum hátt hlutfall barna miðað við kennara eða barnið á milli staða og uppálenda verða áhrif dagvistunar neikvæð“. (Hrafnhildur Ragnarsdóttir, 1993)

Ef þær upplýsingar sem koma fram hér að framan þá ætti barn sem er að yfirgefa leikskólann að vera félagslega sterkt, hafa gott sjálfstraust, bera virðingu fyrir sér sem og öðrum, taka pláss og eiga auðvelt með samskipti við aðra. Þá eru því allir vegir færir.

En til þess að tryggja þetta þurfa börnin að fá góða umönnun og kennslu sem fæst með litlum hópum og faglegum kennurum.

Viðauki 2

Skoðanakönnun innan leikskóla í Garðabæ

Á fyrsta fundi var rætt um að fá sjónarhorn frá deildarstjórum leikskóla í Garðabæ og skoðanakönnun send út þann 31. október. Svörun var góð en hópnum bárust svör frá Ökrum, Bæjarbóli, Kirkjubóli, Hæðarbóli, Sjálandi, Hnoðraholti og Urriðaholtsskóla.

Í viðhorfskönnuninni voru settar fram þrjár opnar spurningar :

1. Hver er ykkar skoðun á því hvernig barngildi í leikskóla eru reiknuð í dag ?
2. Hvað teljið þið vera eðlilega dreifingu barngilda ?
3. Hverjar teljið þið mestu áskoranir við að taka 12 mánaða börn inn í leikskólana ?

Þegar litið er til svara þá er mikill samhljómur um ákveðna þætti og helstu niðurstöður eru þessar:

1. Hver er skoðun ykkar á því hvernig barngildi eru reiknuð í dag?

- Gott að miða við einhverjar tölur en mikilvægt að huga að rými fyrir börnin og að taka tillit til þess að sums staðar er stuðningsaðili sem fylgir barni og starfsfólk tekur einnig pláss í rýminu.
- Barngildi eru ekki nefnd í lögum og það á ekki að miða við þau í dag. Úrelt hugsun.
- Miða skal frekar við fjölda barna á hvern kennara en ekki barngildi.
- Of lágt barngildi fyrir elstu börnin, þau eiga að vera minnst að minnsta kosti 1 eins og var áður fyrr.
- Í sjálfu sér í lagi að hafa viðmið um barngildi en frekar ætti að einblína á að fækka börnum á deildum og huga að rýminu. Taka þarf tillit til aðstæðna á hverjum stað, 30 fermetrar þýða ekki endilega það sama á einum stað og á öðrum, aðstæður mismunandi í skólunum.
- Hugsa þarf að því að skoða rannsóknir á áhrifum hávaða og álags á heila ungra barna og velferð þeirra í stórum barnahópi innan leikskóla.
- Henda þarf út gömlum fermetraviðmiðum, þau voru líka tekin út þegar ný lög tóku gildi. Ekki er gert ráð fyrir húsgögnum eða starfsfólki inn í gömlu tölunum sem eru úrelt viðmið.

- 1 barn er alltaf 1 barn óháð aldri, starfsfólk getur sinnt mismörgum börnum eftir þroska þeirra ekki síður en aldri.
- Lækka þarf barngildi á hvern starfsmann ef miða á við barngildi.
- Eðlilegt væri að rúna grunnmönnun deilda alltaf upp á við, t.d. ef deild á að vera með 3,7 starfsmenn frá 8-16 þá er ekki sanngjarnt að það séu 4 fyrir hádegi og 3 eftir kl.13 svo dæmi sé tekið.
- Ekki ættu að vera fleiri en 6 börn á hvern kennara, þá væri hægt að hlúa að og sinna hverjum og einum betur en að vera t.d. með 10 börn í elsta hóp.
- Huga þarf að menntunarhlutfalli á deildum þegar verið er að ákvarða fjölda starfsmanna. Ef deildarstjóri er eini fagmaðurinn og jafnvel eingöngu með nýtt starfsfólk með sér þarf hann tíma og rými til að leiðbeina nýju starfsfólki og þjálfra til starfsins, auka þyrfti stöðugildi deildarinnar í slíku tilfelli.
- Ekki boðlegt að vera með stóra hópa á deild og marga starfsmenn. Þrír starfsmenn með 18 börn á aldrinum 4-5 ára væri hentug stærð eða fjórir starfsmenn með 24 börn. Hentugast að miða við 6 börn á starfsmann, sem kæmi best út bæði fyrir börn og starfsmenn.
- Fjöldi barna á starfsmann er í dag of mikill, horfa þarf í rými fyrir börnin og hversu mikið pláss þeim er ætlað í daglegu starfi. Taka þarf út fermetra sem fara í ganga og sérgreinaherbergi nema að litlu leiti þar sem mesta viðveran yfir daginn er á deild barnsins.
- Ekki þarf að breyta barngildaviðmiðum heldur að auka fermetra, rými fyrir börnin og takmarka fjölda í hóp.
- Fækka þarf börnum á hvern kennara og taka þarf leikrými til endurskoðunar með það í huga að sameiginleg rými, eins og hreyfisalur, verði ekki talin til leikrýmis deilda. Með þeirri ákvörðun mun börnum fækka á deildum, vellíðan þeirra aukast og álag á kennara minnka.

2. Hvað teljið þið vera eðlilega dreifingu barngilda?

- Nokkrar hugmyndir komu fram en margir telja þó að fyrst og fremst eigi að hætta að miða áætlaðan fjölda barna á hvern starfsmann við barngildi. Hér eru nokkrar hugmyndir sem komu fram frá skólunum.
- 1 árs börn : 2,3 barngildi
 - 2 ára börn: 2,0 barngildi
 - 3 ára börn: 1,6 barngildi
 - 4 ára börn: 1,3 barngildi
 - 5 ára börn: 1,0 barngildi
 - 1 árs börn : 4 börn á starfsmann
 - 2 ára börn: 4-5 börn á starfsmann
 - 3 ára börn: 6 börn á starfsmann, ekki fleiri
 - 4 ára börn: 6-8 börn á starfsmann, fer eftir hópunum
 - 5 ára börn: 8-10 börn á starfsmann, fer eftir hópunum
 - 1 árs börn ættu að vera 2,6 barngildi og 5 ára börn 1 barngildi
 - Aldrei fleiri en 6 börn á starfsmann, fer eftir aldri hvernig raðað er.
 - Taka út að barn geti verið minna en 1, þannig að elstu börnin yrðu 1 í stað 0,8

3. Hverjar teljið þið mestu áskoranir við að taka 12 mánaða börn inn í leikskólana ?

- Þurfa mikla umönnun og hlýju
- 12 mánaða börn eiga ekki að vera á stofnun, þarf fjölskylduvænni hugsun í samfélagið allt.
- Að mæta mikilvægri tengslamyndun ungra barna. Starfsmannavelta hamlar.
- Huga þarf að lengd vistunartíma ungra barna, takmarka hann.

- Hópastærðin þarf að vera minni, meiri grátur og börn á handlegg.
- Taka þarf tillit til álagsins sem myndast á aðlögunartíma og auka starfsmannafjölda á þeim tíma.
- Húsnæðið hentar oft á tíðum illa sem og útisvæðið, þarf að undirbúa fyrir þetta ung börn.
- Endurskoða fermetrahugsun þar sem yngstu börnin voru aldrei í leikskólum áður og mikilvægt að skilgreina upp á nýtt hvað felst í því að taka þau inn í leikskólana.
- Ekki hafa fleiri en 12 eins árs börn á deild.
- Að skapa rólegt og gott andrúmsloft með leikföngum við hæfi og öruggu umhverfi.
- Fleira fagfólk þarf með yngstu börnunum, sérhæfing á því sviði. Mikill munur á að vinna með 12 mánaða eða 5 ára. Gjörólíkt starf.
- Takmarka þarf viðveru þeirra í leikskólanum, 9,5 klukkustundir of langur tími.